



Hvolsskóli

# ***Starfspróunaráætlun Hvolsskóla skólaárið 2017-2018***

## Efnisyfirlit

Starfsþróunaráætlun er byggð á eftirfarandi þáttum: .....	3
Helstu áherslur í starfsþróunaráætlun Hvolsskóla eru: .....	3
Hvað er starfsþróun? .....	3
Fjármögnun starfsþróunar: .....	4
Fastir liðir: .....	5
Starfsþróunarverkefni í Hvolsskóla 2017-2018: .....	6
Framkvæmd starfsþróunar: .....	7

## **Starfsþróunaráætlun er byggð á eftirfarandi þáttum:**

- Þróunarverkefnum/áherslum sem eru í skólanum.
- Niðurstöðum úr innra mati.
- Óskum starfsmanna í starfsmannaviðtölum.
- Óskum starfsmanna til Skólaþjónustunnar um námskeið og fræðslufundi.

## **Helstu áherslur í starfsþróunaráætlun Hvolsskóla eru:**

- Að allir starfsmenn fái tækifæri til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.
- Uppbyggingarstefnan og ART: að allir þekkji hugmyndafræðina og nýti hana sí starfinu.. Unnið er að því jöfnum höndum að mennta alla starfsmenn í þessum stefnum og að allir fái réttindii til ART-kennslu. Árlega er hópur sendur á námskeið.
- Gránfáni
- Að starfsmenn búi yfir grunnfærni í skyndihjálp, eldvörnum og barnavernd.
- Að kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur Aðalnámskrár.

## **Hvað er starfsþróun?**

Hugtakið starfsþróun vísar til þess að starfsmenn geti þróað áfram færni sína, þekkingu og viðhorf og þannig nýtt hæfileika sína og dafnað áfram í starfi. Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri.

Starfsþróun miðar að því að auðvelda einstaklingum að meta þekkingu sína og færni, greina veikleika sína og styrkleika og ákveða áframhaldandi þróun í starfi. Símenntun er þannig einn þáttur í starfsþróun einstaklings sem gefur viðkomandi kost á að sýna í verki nýfengna þekkingu með því að takast á við ný verkefni eða axla meiri ábyrgð. Starfsþróun getur einnig komið í veg fyrir kulnun í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika sína og aukið þannig líkur á starfsánægju starfsmanna.

## Starfsþróunaráætlun í Hvolsskóla 2017-2018

Starfsþróun er þó og verður alltaf samstarfsverkefni starfsmanna og stjórnenda og svar við síbreytilegu umhverfi og auknum kröfum.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og deildastjórar eru skólastjóra til aðstoðar og starfsfólk tekur þátt í að móta hana. Fjármagn til símenntunar er af fjárhagsáætlun Hvolsskóla, frá Skólalþjónustunni, Kennarasambandi Íslands og frá Menntamálaráðuneytinu sem árlega veita styrki úr þróunarsjóðum. Þá geta kennarar sótt um einstaklingsstyrki úr endurmenntunarsjóði Kennarasambands Íslands og aðrir starfsmenn úr menntasjóði síns stéttarfélags.

### Fjármögnun starfsþróunar:

Skólinn og starfsmenn skipta kostnaði við starfsþróun á milli sín að einhverju marki. Starfsmenn nýta styrki úr endurmenntunarsjóðum hjá stéttarfélagum og öðrum þróunarsjóðum til að fjármagna starfsþróun sína. Skólinn fjármagnar verkefni sem ætluð eru öllum starfsmönnum. Ef starfsmenn ætla skólanum að koma að fjármögnun þarf að semja um slíkt fyrirfram.

Vinnustaður greiðir 100%	Vinnustaður og starfsmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaður greiðir laun starfsmanns og þátttökugjöld.	Vinnustaður greiðir laun en starfsmaður annan kostnað (með styrkjum t.d. úr sjóðum KÍ)	Með styrkjum eða úr eigin vasa.
Verkefni unnin skv. símenntunaráætlun skólans. Starfstengd þátttaka að ósk stjórnenda innan/utan vinnutíma.	Starfstengd verkefni en ekki forgangsmál – þátttaka innan/utan vinnutíma. Hugsanlega starfstengd, að ósk starfsmanns og utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi vinnustað eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda.
Ávallt samið um slíkt fyrirfram.	Ávallt samið um slíkt fyrirfram	Utan vinnutíma.

## Starfspróunaráætlun í Hvolsskóla 2017-2018

Skólinn sækir um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla árlega og er stefnt að tveimur námskeiðum fyrir kennara á hverju ári, styrktum af Endurmenntunarsjóði.

### Fastir liðir:

Verkefni	Hvenær?	Fyrir hverja?	Ábyrgðarmaður
Skyndihjálp	Á fjögurra ára fresti	Alla starfsmenn	Skólastjóri
Uppbyggingarstefnan – kynning og haldið á lofti	Tvisvar á ári á starfsmannafundum eða eftir því sem við á. Samhliða ART.	Allir	Verkefnastjóri
Uppbyggingarstefnan - námskeið	Þegar þörf er á	Nýja starfsmenn	Verkefnastjóri/skólastjóri
ART – réttindanámskeið	Árlega fyrir hóp starfsmanna	Verið að reyna að koma öllum í gegnum slík námskeið	Verkefnastjóri/skólastjóri
ART – kynning og haldið á lofti	Tvisvar á ári á starfsmannafundum eða eftir því sem við á. Samhliða UTÁ.	Allir	Verkefnastjóri/skólastjóri
Grænfánaskóli – GEO/UNESCO skóli	Kynning árlega á starfinu og eftir því sem við á inn á starfsmannafundi.	Allir	Verkefnastjóri/skólastjóri
Heilsuefandi grunnskóli	Unnið eftir verkáætlun.	Allir	Stýrihópur í samstarfi við Örkina.
Eineltisteymi	Kynningar/verkfni eftir því sem við á.	Allir	Eineltisteymi
Námsferð erlendis	Þriðja hvert ár	Allir	Ferðanefnd og stjórnendur.
Ýmis erindi og námskeið á vegum Skólaþjónustunnar	Árlega	Allir	Skólaþjónustan
Brunaæfingar / eldvarnir / náttúruvá	Árlega	Allir	Öryggisráð

## Starfspróunarverkefni í Hvolsskóla 2017-2018:

Viðfangsefni	Fyrir hverja?	Markmið	Tími	Ábyrgð/umsjón
Erindi frá öllum vinnuhópum þróunarverkefna reglulega inn á fundi	Alla	Allir starfsmenn tileinki sér verkefni og vinnubrögðin. Allir séu þátttakendur.	Allt skólárið	Formenn/ verkefnastjórar/ skólastjóri.
Námsmat-leiðsagnarmat	Kennarar	Að kennarar tileinki sér þær aðferðir við námsmat	Klaustri 14. ágúst 2017 kl. 10-15:30.	Skólaþjónustan
Námsmat – Námfús	Kennarar	Að kennarar nýti Námfús við námskrárvinnu og námsmat	Yfir skólaárið	Stjórnendur og kennarar
Læsi – áhersla á lestur á eldri stigum	Kennarar	Að efla kennara í lestrar- og læsisíkennslu, ekki síst eldri nemenda	18. ágúst 2017 í Hvolsskóla kl. 9-15	Stjórnendur Kennarar eru: Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir
Tölvunotkun í kennslu	Kennarar	Bæta almenna tölvufærni í kennslu. Gera grunn að kennsluáætlun – Hvað er kennt í hverjum bekk?	Haust 2017 (byrjað vorið 2016)	Tölvunefnd og kennarar
Læsi og lestur	Kennarar og aðrir áhugasamir	Endurvinnna á lestararstefnu Hvolsskóla út frá nýjum viðmiðum Menntamála-stofnunar.	Haust 2017 (byrjað vorið 2016)	Stjórnendur og kennarar
Samskipti í frímínútum	Starfsfólk í gæslu og kennarar	Virkja starfsmenn við forvarnastarf gegn einelti í frímínútum og efla félagsleg samskipti	Haust 2017 Námskeið/kynning haust 2017	Stjórnendur
Geo – UNESCO skóli	Allir	Mörkuð spor í vinnunni út frá þarfagreiningu	Haust 2017	Stjórnendur, verkefnastjóri Grænfánans og

## Starfsþróunaráætlun í Hvolsskóla 2017-2018

		sem starfsmenn og nemendur vinna.		aðilar frá jarðvanginum.
Líðan – forvarnir gegn einelti	Allir	Efla forvarnir gegn einelti	2. janúar 2017	Stjórnendur Vanda Sigurgeirsd.
Starfsmannastefna	Allir	Efla góðan starfsanda og viðhalda	Allt skólaárið	Eineltisteymi og stjórnendur

Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breytst m.a. eftir aðstæðum framboði og verkefnum hverju sinni.

### **Framkvæmd starfsþróunar:**

Skólastjóri er ábyrgur fyrir að setja upp áætlun árlega út frá áðurgreindum atriðum. Hins vegar ber hver starfsmaður ábyrgð á eigin starfsþróun. Kennurum ber að halda utan um hana á þar til gerðu eyðublaði og reikna út tímana sem fara í endurmenntunina – standa skil á sínum tímum. Í starfsmannasamtölum í febrúar/mars er farið yfir það sem komið er og óskir um næsta ár færðar til bókar. Árlega skila kennarar endurmenntunartímum til skólastjóra til samþykktar og er afrit geymt í möppu viðkomandi kennara.

Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á heimasíðu skólans [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is)